

Hafnarfjörður 20.11.2014

Hr. Bjarki Jóhannesson

Sviðsstjóri skipulagssviðs Hafnarfjarðar

## **Varðandi lóðaleigusamninga Hlíðarþúfna**

Sæll Bjarki

Í framhaldi af fundi okkar þann 17.11.sl þar sem rædd voru skipulagsmál hestúsaahverfisins að Hlíðarþúfum kom fram að hestúsaahverfið væri komið á aðalskipulag Hafnarfjarðar sem gildir til 2024.

Þar sem að flestir lóðaleigusamningar hestúsa í hverfinu eru runnir út, og eru bara endurnýjaðir til skammstíma í senn, óskar stjórn Húseigandafélags Hlíðarþúfna eftir því að allir lóðaleigusamningar í Hlíðarþúfum verði framlengdir út þann tíma sem að skipulag svæðissins gildir til þ.e.a.s. 2024.

Það ástand og óvissa sem nú ríkir í lóðaleigumálum á svæðinu er algerlega óviðunandi og gerir húseigendum erfitt fyrir með að kaupa og selja eignir á svæðinu og veldur verðfalli á fasteignum.

Vonast stjórnin eftir því að það verði tekið vel í þetta erindi og að við munum heyra fljótlega frá ykkur um niðurstöðu málsins.

Fyrir hönd Húseigandafélags Hlíðarþúfna

Jean Eggert Hjartarson Claessen